

Ársskýrsla Skólaskrifstofu Grindavíkur skólaárið 2015-2016

Inngangur

Skólaárið 2015-2016 er hið fyrsta með nýju sniði í kjölfar skipulagsbreytinga. Að hausti voru ráðnir til skrifstofunnar sérfræðingar í hlutastörf og fór haustið að miklu leyti í að koma af stað verklagi og vinnubrögðum sem sátt var um. Starfsmenn skólaskrifstofu voru:

Hanna Bizouerne skólasálfræðingur 50% staða – vinnuskil voru þriðjudag, miðvikudag og annan hvern föstudag.

Hildigunnur Kristinsdóttir talmeinafræðingur 40% staða – vinnuskil á miðviku- og fimmtudögum. Að auki með aðstöðu til að taka grindvísk börn í talþjálfun á eigin vegum á föstudögum.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi/yfirsálfræðingur 100% staða

Sigurlína Jónasdóttir leikskólafulltrúi/sérkennsluráðgjafi 60% staða – vinnuskil e.h. mánu- og föstudaga, alla þriðju- og miðvikudaga.

Nökkvi Már Jónsson sviðsstjóri fræðslu- og félagsþjónustu.

Verkefni

Verkefni skólaársins voru fjölbreytt. Samtals voru einstaklingsmálin 206 á skólaárinu, unnin af 2,5 stöðugildi sérfræðinga í skólþjónustu. Hvert barn getur talist vera fleiri en eitt mál ef afskipti voru frá mörgum aðilum.

Verkefni skólaársins 2015-2016	
Greiningar/endurmat	131
ráðgjöf/eftirfylgd	37
Talþjálfun	14
ráðgjöf til starfsmanna skóla	8
Ráðgjöf til foreldra án tilvísunar	16
Samtals	206

Við lok skólaársins eru 24 mál í bið eftir þjónustu. Fjöldinn skiptist jafnt á milli sálfræðings og talmeinafræðings. Lokið var við allar lestrargreiningar.

Ráðgjöf sérfræðinga er mismunandi og umfangið sömuleiðis. Viðtöl voru veitt í 1-4 skipti í hverju máli fyrir sig. Mismunandi var hvort foreldri/starfsmaður leitaði beint til skólþjónustu eða með milligöngu kennara eða stjórnanda.

Tilvísanir til sálfræðings

Biðtími eftir þjónustu jókst eftir því sem leið á skólaárið. Meðfylgjandi er samantekt á þróun biðtíma hjá sálfræðingi.

Biðtími eftir þjónustu sálfræðings	
júlí-nóvember	0 mánuðir
nóvember-febrúar	1-2 mánuðir
febrúar-apríl	2-3 mánuðir
maí-júní	3-4 mánuðir

Skipting tilvísana er þannig að flestar koma frá Grunnskólanum af unglíngastigi. Það er vert að skoða hvernig hægt er að bregðast við þeirri stöðu þannig að í framtíðinni verði brugðist fyrir við vanda nemenda og þeir komnir í viðeigandi úrræði og þjónustu þegar komið er á unglíngastig.

Tilvísanir eftir stofnunum	%	fjöldi
Krókur	19	9
Laut	12	6
Hópsskóli	29	14
Ásabraut	40	19
Samtals	100	48

Dreifing tilvísana til sálfræðings eftir skólum: Dreifing í hópsskóla er nokkuð jöfn á milli árganga á meðan 42% tilvísana á Ásabraut koma úr einum árgangi miðstigs. Dreifing innan leikskóla er nokkuð jöfn af yngri og eldri deildum.

Tilvísanir til talmeinafræðings

Biðtími hjá talmeinafræðingi jókst yfir skólaárið og varð til þess að vinnuferlum var breytt. Ráðgjöf til starfsmanna og foreldra til að vinna með talmein barna í vægari tilvikum var aukin í kjölfar skimana skóla sem sinntu þá þjálfun innan skólans í stað þess að vísa barni í greiningu. Greining kom til þegar fullreynt var að leikskólinn náði ekki að sinna þörf barnsins. Greiningar urðu 40 á skólaárinu og skiptist þannig að flestar voru í leikskóla og færstar í grunnskóla. Það er æskileg staða að búið sé að greina og vinna með vanda nemenda snemma. Greiningar á grunnskólastigi voru í 6 tilvikum í samvinnu við skólasálfræðing vegna þess að vandi barns var fjölþættur. Þó nokkuð var um endurmat talmeinafræðings meðal yngstu nemenda.

Greiningar eftir stofnunum	%	fjöldi
Laut	28%	11
Krókur	43%	17
Hópsskóli	15%	6
Ásabraut	15%	6
Samtals	100%	40

Tilvísanir í endurmat	fjöldi	%
Laut	11	41%
Krókur	6	22%
Hópsskóli	10	37%
Ásabraut	0	0%
Samtals	27	100%

Börn í eftirfylgni	fjöldi
Talmeinafræðings	21
sálfræðings	16

Sálfræðingur og talmeinafræðingur sinna eftirfylgni mála eftir þörfum. Við lok skólaársins eru þeir með 37 mál í eftirfylgni inn í næsta skólaár.

Á skólaárinu skiptist talþjálfun veitt í grunnskólanum þannig:

Tilvísanir í talþjálfun	fjöldi
Hópsskóli	8
Ásabraut	6

Tilvísanir í lestrargreiningar

Tilvísanir í LOGOS greiningu voru 16. Niðurstöður sýndu lesblindu eða alvarlega lestrarerfiðleika í 13 tilvikum eða í 81% tilvika.

LOGOS	fjöldi	%
yngsta stig	1	6
miðstig	4	25
unglingastig	11	69
Samtals	16	100

Flestar greiningar eru í lok 10. bekkjar, eða 7 af 11 sem eru tæplega 44% af öllum LOGOS greiningum skrifstofunnar.

Skimun með LOGOS

Skólaskrifstofa framkvæmdi LOGOS lestrarskimanir í 9. bekk í september, 3. bekk í janúar, 6. bekk í mars og 8. bekk í maí. Niðurstöðum var skilað til umsjónarkennara 3., 6. og 9. bekk sem miðlar þeim áfram til heimilanna. Skimun í 8. bekk verður skilað til umsjónarkennara við upphaf næsta skólaárs til að auka líkur á að niðurstöður nýtist sem best fyrir nemendur og kennara. Það er breyting frá fyrra verklagi.

Skimun með Talnalykli

Skimun með Talnalykli hófst vorið 2014. Gagn þótti að slíku og var ákveðið í framhaldinu að skima í nóvember í 3. bekk og í febrúar í 6. bekk. Skil fóru til umsjónarkennara sem miðlaði áfram til foreldra og nýtti sér niðurstöður við gerð kennsluáætlana og einstaklingsmarkmiða fyrir nemendur.

Fræðsla og námskeið frá skólaþjónustu

Starfsfólk skólaþjónustu miðlaði þekkingu til ólíkra hópa og starfsstöðva sveitarfélagsins á síðasta ári.

Námskeið og fræðsla á vegum skólaþjónustu	tími	leiðbeinendur
Hópmeðferð PTC - foreldrafærni	haust	Hildigunnur Árnadóttir, Ingibjörg M. Guðmundsdóttir & Sigrún Pétursdóttir
Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar	vor	Sigurlína Jónasdóttir & Hanna Bizouerne
PMTO foreldranámskeið	vor	Ingibjörg M. Guðm & Sigrún Pétursdóttir
Fræðsla um helstu frávík í þroska barna fyrir ófaglærða í grunnskólanum	haust	Hanna Bizouerne & Ingibjörg M. Guðmundsdóttir
Fræðsla um samskipti á vinnustað - íþróttamiðstöð	haust	Ingibjörg M. Guðm & Sigrún Pétursdóttir
Námskeið um samskipti við börn fyrir starfsmenn vinnuskóla og leikjanámskeiðs	vor	Ingibjörg M. Guðm & Sigrún Pétursdóttir
Fræðsla um fjölbreytileika einstaklinga fyrir bekk á unglingsstigi	vor	Ingibjörg María Guðmundsdóttir
handleiðsla og þjálfun PMTO grunmenntunarfólks í leik- og grunnskóla	allt árið	Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Starfsmenn sóttu einnig þekkingu og þjálfun annars staðar.

Námskeið	starfsmenn
PMTO grunnenntun	Hanna Bizouerne, Sigurlína Jónasdóttir & Hildigunnur Kristinsdóttir
ADIS kvíðagreiningarviðtal	Hanna Bizouerne
Klókir litlir krakkar - leiðbeinendanámskeið	Hanna Bizouerne & Ingibjörg M. Guðmundsdóttir
PEERS -félagsfærniþjálfun fyrir unglinga	Hanna Bizouerne
Sálfræðiþing	Hanna Bizouerne
Ráðstefna um markvissa málörvun	Hildigunnur Kristinsdóttir
Starfsdagur daggæslufulltrúa	Sigurlína Jónasdóttir
Vorþing Grunns - starfsmanna í skólalþjónustu	Sigurlína Jónasdóttir & Ingibjörg M. Guðmundsdóttir
BUGL fræðsla til samstarfsaðila	Hanna Bizouerne & Ingibjörg M. Guðmundsdóttir
Störf sálfræðinga í forsjár- og umgengnismálum fyrir dómstóla og barnavernd	Ingibjörg María Guðmundsdóttir
PMTO árlegur booster dagur	Ingibjörg María Guðmundsdóttir
Skólalþing sambandsins	Ingibjörg María Guðmundsdóttir
Fundarstjórn	Nökkvi Már Jónsson & Ingibjörg María Guðmundsdóttir
námskeið í ONE skjalakerfi	Sigurlína Jónasdóttir

Út frá atriðum í starfsmannaviðtölum verður sett fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn og stofnunina í heild sem verður hluti af starfsáætlun skólaskrifstofu Grindavíkur fyrir næsta skólaár.

Ytra mat sveitarfélagsins

Skólaskrifstofa sá um ytra mat á skólastarfi. Starfsmanna- og nemendakönnun skólapúlsins var lögð fyrir í grunnskóla ásamt úttekt á matsþáttunum: a. Þátttaka og ábyrgð nemenda og b. Námsaðlögun. Í leikskóla var lögð fyrir foreldrakönnun skólapúlsins.

Fræðslunefnd

Fundir fræðslunefndar voru 12.

Grindavík ágúst 2016

Ingibjörg María Guðmundsdóttir